

Skólaráð Hörðuvallaskóla

8. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 9. mars 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Heiðar Ágúst Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Drög að stefnu fyrir skólann

Fyrir fundinn höfðu fundarmenn fengið senda punkta til skoðunar – drög að stefnu fyrir skólann. Engar athugasemdir gerðar á fundinum, næsta skref er að skólastjóri setur punktana upp í formi skoðanakönnunar til að foreldrar og starfsmenn geti tekið afstöðu til einstakra þátta og komið athugasemdum og ábendingum á framfæri. Skólastjóri mun senda skólaráðsfulltrúum könnunina til skoðunar áður en hún er síðan send út.

2. Aðgerðaáætlun vegna húsnæðismála

Farið yfir drög að aðgerðaáætlun vegna húsnæðismála sem hefur að geyma hugmyndir að niðurröðun í skólahúsnæði til næstu þriggja ára, að því gefnu að spár um nemendafjölda standist. Í plaggið er einnig safnað saman upplýsingum um framkvæmdir sem þarf að fara í, búnaðarþörf o.fl. þannig að þær upplýsingar séu til á einum stað og hægt að halda þeim til haga og uppfæra plaggið eftir því sem málum vindur fram. Nú þegar er kominn af stað undirbúningur þess að bæta við lausri kennslustofu á lóð skólans í Baugakór fyrir haustið og byggja á milli hennar og þeirra þriggja sem fyrir eru þannig að það myndist rými fyrir heilan árgang. Skólastjórnendur vinna þetta plagg áfram og senda upplýsingar á skólaráð, stefnt að því að aðgerðaáætlunin verði kynnt fyrir starfsfólki og menntaráði síðar í mánuðinum.

3. Önnur mál

Rætt um bílastæðamál. Stefnt að því að fara í átak til að hvetja nemendur til að ganga í skólann, strax eftir páska. Foreldrafélagið hefur forgöngu um málið og byggir á eldri plönnum sem þóttu ganga vel.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur áformaður fimmtudaginn 6. apríl.